

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. desember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kjartan Júlíusson.***REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 59/1966 um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, sbr. reglugerð nr. 555/1980.

1. gr.

Í stað „iðnaðarmálaráðuneytisins“ í 1. gr. komi: „iðnaðarráðuneytisins.“

2. gr.

Í 6. tölulið 2. gr. falli niður: „kr. 800,00.“

3. gr.

Í 5. tölulið 5. gr. falli niður: „kr. 200,00.“

4. gr.

2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

„Umsókn um einkaleyfi skal vera á íslensku. Ráðuneytinu er heimilt að krefjast þess að umsækjandi leggi fram íslenska þýðingu af þeim fylgiskjölum er umsókninni fylgja og því eru send á erlendum tungumálum.“

5. gr.

2. mgr. 8. gr. hljóði svo:

„Um gjöld fyrir einkaleyfi fer samkvæmt lögum nr. 79/1975 um aukatekjur ríkis-sjóðs og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim. Um önnur gjöld fer samkvæmt reglugerð um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.“

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.